


NOKIA  
5110

Heyrðu!



Aðeins 167 g,  
270 klst. biðtími,  
3-5 klst. taltími.

Þrjú leikir • Klukka með  
vekjara • Vasareiknir • SMS skilaboð

- og flest annað sem þrýðir bestu Nokia-símana.

Sjáðu!



Einn er gulur, annar rauður o.s.frv.

Þú færð einn litaramma í kaupbæti  
og skiptir um með einu handtaki.

Verð aðeins 28.900 kr.\*

\*Staðgreiðsluverð

Hátaekni

Ármúla 26 • sími 588 5000

Hafðu samband!

## LISTIR

KONUR ERRÓS  
Í NÝJU SAFNI

## MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur / Hafnarhús

MÁLVERK  
ERRÓ

Opið 10-18. Aðgangseyrir er kr. 300. Sýningin stendur til 23. ágúst.

SALURINN sem myndir Errós eru nú sýndar í Hafnarhúsinu er aðeins brot af því rými sem Listasafn Reykjavíkur mun hafa til afnota í húsinu og má af því sjá hvíllik viðbót það verður við sýningarrýmið í höfuðborginni. Sýning þessi á verkum Errós er stór og jafnframt fjölbreytt í sal sem er á tveimur hæðum. Þegar allt húsið verður komið í notkun verður loksins hægt að ganga að verkum helstu listamanna okkar á einum stað. Nokkuð af rýminu mun verða tekið sérstaklega undir sýningar á myndum úr gjöf Errós til Reykjavíkur, en megnið af rýminu stendur til að nota til að hafa til sýnis úrval af því mikla safni listaverka sem borgin á en alltof sjaldan hefur gefist tækifæri til að sýna opinberlega í því takmarkaða plássi sem verið hefur til skiptanna.

Uppistaðan í sýningunni í Hafnarhúsinu eru konumyndir sem flestar eru byggðar á teiknimyndapersónum, en þarna er líka að finna myndir frá ýmsum skeiðum á ferli Errós svo í raun má segja að hér sé á ferðinni yfirlits-sýning. Ekki hefur verið gefin út stór sýningarskrá fyrir þessa sýningu, heldur einungis lítill bæklingur, en töluvert er nú til af útgefnu efni um myndir Errós á íslensku svo það kemur ekki verulega að sök. Þeir sem á annað borð þekkja til verka Errós þekkja líka stílinn á konumyndunum í Hafnarhúsinu. Hér byggir Erró á persónum og myndmáli teiknimyndasagna þar sem ofurhetjur og illmennir þjóta um í eilífri baráttu. Ímynd konunnar í þessum sögum er nokkuð fastmótuð. Líkamsbygging þeirra er sterkleg en ákaflega kvenleg um leið, þær eru kynþokkafullar en vægðarlausar valkyrjur. Erró dregur fram styrkleika þeirra með myndbyggingu þar sem áherslan er á hraða og baráttu og myndflöturinn iðar af lífi. Hins vegar er ekki auðvelt að segja hvaða gildi ímynd af þessu tagi hefur í hversdagslegum veruleikum ... hvort við getum í einhverjum skilningi sótt fyrirmyndir í þennan ímyndaða heim eða



EIN af konumyndum Errós á sýningunni í Hafnarhúsinu.

hvort hann sýnir okkur fyrst og fremst hve mikið ber á milli raunveruleika okkar og þess ímyndheims sem við erum gjörn á að búa okkur til.

Þegar Erró notaði efni úr teiknimyndablöðum snemma á átunda áratugnum höfðu myndirnar oftast óvitræða pólitíska skírskotun: Bandarískir teiknimyndaher menn þeysa þar fram með skothríð og blóðsúthellingum. Strax má þó sjá að þetta efni heillar listamanninn og árið 1972 málar hann „Teiknimyndaviðáttu“ þar sem ægir saman ólíkum persónum úr bandarískum teiknimyndaseríum. Smátt og smátt er síðan eins og þetta myndmál verði fyrirferðarmeira og sjálfstæðara í list hans og blandast jafnvel saman við flóknar tilvísanir í listasöguna.

Síðari myndirnar virðast vera persónulegri en þær eldri – það er að segja að framsetning þeirra er flóknari og skilaboðin líka. Myndirnar eru ekki lengur jafn afdráttarlausar og áður þótt í þeim felist engu minni umhugsun og gagnrýni. Sýningin í Hafnarhúsinu er gott yfirlit yfir feril Errós, að minnsta kosti yfir tæpa þrjá síðustu áratugi, auk þess sem hér er safnað saman í úrvinnslu á konumyndum hans. Sýningarrýmið er enn ansi hrátt og ófrágengið en verður eflaust glæsilegt þegar það er orðið fullgert. Það er alltaf gaman þegar myndir Errós eru sýndar og tilhökkunarefni að þær verði bráðum komnar í varanlegt sýningarrými.

Jón Proppé

## Tónleikaferð til Tékklands

LÚDRASVEIT Tónlistarskóla Hafnarfjarðar hélt í ferð til Tékklands með viðkomu í Ungverjalandi laugardaginn 30. maí. Markmið fararinnar er að endurgjalda heimsókn tékkneskrar lúdrasveitar er kom til Hafnarfjarðar fyrir nokkrum árum. Munu meðlimir lúdrasveitarinnar gista heima hjá tékkneskum fjölskyldum í bænum Oppava, nærri pólsku landamærunum. Í Oppava verða haldnir þrennir tónleikar á vegum Íslandinga, en einnig mun lúdrasveitin taka þátt í dagskrá er heimamenn skipuleggja.

Starf hljómsveitarinnar hefur verið með miklum blóma á lið-



LÚDRASVEIT Tónlistarskóla Hafnarfjarðar ásamt stjórnandanum Stefáni Ómari Jakobssyni.

um vetri og hafa börnin safnað fyrir ferðinni með aðstoð for-eldrafélagsins. Í Lúdrasveitinni

eru um 25 börn. Hljómsveitarstjóri er Stefán Ómar Jakobs-son.